

Ár 2023, fimmtudaginn 2. mars kl. 15:00 er dómþing Dómstóls GSÍ háð í gegnum samskiptaforritið Teams, af Stefáni Þórarni Ólafssyni dómara.

Fyrir er tekið:

Málið nr. 2/2022

**Kristján Ólafur Jóhannesson og
Margeir Vilhjálmsson
gegn
Mótsstjórn Íslandsmóts eldri kylfinga 2022.**

Gögn málsins liggja frammi.

Mættir eru í dóminn Gísli Guðni Hall lögmaður f.h. Gests Jónssonar lögmanns kæranda og Haukur Örn Birgisson lögmaður kærða.
Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I. Aðilar og dómkröfur

Kærur í þessu máli voru móttæknar af skrifstofu GSÍ 14. október 2022. Kærendur eru Kristján Ólafur Jóhannesson, kt. [REDACTED] Kópavogi og Margeir Vilhjálmsson, kt. [REDACTED], Reykjavík. Kærði er Mótsstjórn Íslandsmóts eldri kylfinga 2022. Málinu var fyrst vísað frá með úrskurði dags. fimmtudaginn 27. október 2022 þar sem ekki þóttu vera uppfyllt formskilyrði þau sem fram koma í 8. gr. laga um dómstól GSÍ. Kærendur skutu málinu aftur fyrir dómstólinn innan þess frests sem um er getið í 3. mgr. 7. gr. laga um Dómstóla GSÍ.

Málinu var úthlutað til Stefáns Þórarins Ólafssonar, dómara í Dómstól GSÍ og var málið þingfest fyrir dómnum þann 19. janúar 2023 en á því dómþingi var einnig ákveðið að málið yrði munnlega flutt fyrir dómnum. Á dómþingi þann 31. janúar voru lögð fram frekari gögn og ákeðið að aðalmeðferð málsins færi fram þann 24. febrúar 2023 en þann dag fóru fram skýrslutökur og munnlegur máflutningur ásamt því sem málið var tekið til dóms.

Dómkröfur kæranda eru svohljóðandi samkvæmt kærurum:

„Kærður er úrskurður aganefndar Golfsambands Íslands í máli nr. 1/2022 og þess krafist að hann verði felldur úr gildi að því er varðar kæranda. Til vara er þess krafist að viðurlög verði ákveðin vægari en í hinum kærða úrskurði“.

Dómkröfur kærða eru samkvæmt greinargerð “að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.”

II. Málsatvik

Málavextir voru með þeim hætti að Golfsamband Íslands hélt í samstarfi við Golfklúbb Akureyrar Íslandsmót eldri kylfinga á Jaðarsvelli á Akureyri dagana 14. til 16. júlí 2022. Á öðrum keppnisdegi eða þann 15. júlí var dómariinn Tryggvi Jóhannsson, sem einnig átti sæti í mótsstjórn, við störf á vellinum og var hann staddur ásamt Arnari Geirssyni mótsstjórnarmanni á göngustíg

sem liggur á milli 15. og 17. holu vallarins. Var dómariinn ásamt Arnari að horfa niður á 17. flöt þar sem ráshópur nr. 16 var að ljúka leik en kærundur þeir Margeir og Kristján voru í þeim hópi ásamt Helga Svanberg. Þegar kærði Kristján og Helgi höfðu báðir púttað boltunum sínum í holu lögðu þeir boltana sína aftur á flötina og púttuðu aftur eftir að leik á holunni var lokið en samkvæmt staðarreglum sem voru í gildi á mótinu var slíkt óheimilt. Viðurlög við broti gegn 13. gr. staðarreglna GSÍ er almennt víti.

Ágreiningur er uppi milli kæranda og kærða með hvaða hætti dómariinn Tryggvi Jóhannsson tilkynnti kærðu um almennt víti, hvar það var gert nákvæmlega og hverjir voru þar viðstaddir. Hinsvegar liggur fyrir að eftir að kærandiinn Kristján og Helgi Svanberg skiluðu inn skorkortum án almenns vísis var þeim báðum ásamt kærandanum Margeiri vísað úr mótinu og í framhaldi af því kærðir af mótsstjórninni til Aganefndar Golfsambands Íslands. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hvort Margeir var ritari fyrir Helga eða Kristján.

III. Framburður aðila og vitna:

Dómari mótsins Tryggvi Jóhannsson gaf skýrslu fyrir dómi og ber að hann og Arnar Geirsson sem var einnig í mótsstjórn hafi orðið vitni að því þegar kærði Kristján og Helgi hafi tekið æfingarpútt eftir leik á 17 holu vallarins. Í framhaldi af því hafi hann farið til þeirra og gert þeim grein fyrir því að um væri að ræða brot á staðarreglum sem væri almennt víti eða tvö högg. Kristján og Helgi hafi játað því og Kristján hafi sérstaklega spurt að því hvort það væri rétt skilið að verið væri að dæma á hann víti og því hafi Tryggvi svarað játandi. Kærði Margeir taldi dómariinn vera í bullinu með dóminn. Þegar vítin voru ekki skráð á skorkort hafi mótsstjórn komið saman og vísað kærendum úr mótinu og jafnframt í framhaldi af því sent kæru til aganefndar GSÍ.

Arnar Geirsson sem var í mótsstjórn ber að hann hafi séð þegar þeir Kristján og Helgi hafi tekið æfingarpútt á 17 flötinni eftir að leik lauk á þeirri holu. Þeir hafi síðan báðir staðfest það í viðtali við dómariinn Tryggva. Arnar kveðst hafa heyrt það sem fram fór á 18 teig vallarins en þar hafi dómariinn Tryggvi sagt að um brot hafi verið að ræða sem varðaði víti. Mótsstjórn hafi svo tekið sameiginlega ákvörðun um að vísa kærendum úr keppni og að vísa málinu til aganefndar GSÍ. Engar fundargerðir hafi hinsvegar verið haldnar hjá mótsstjórn.

Kærandiinn Kristján Ólafur Jóhannesson kom fyrir dóminn og viðurkennir hann að hafa tekið æfingarpútt eftir leik á 17 holu. Kristján staðfesti að dómariinn hafi komið að máli við sig og tilkynnt honum að með því að pútta eftir leik á 17 holu hafi hann brotið staðarreglur og það varðaði almennu víti. Það var engu að síður upplifun Kristjáns að þetta hafi verið ábending en ekki úrskurður um víti.

Kærandiinn Margeir Vilhjálmsson kom fyrir dóminn og vísaði í facebook færslu sína en sú færsla er frá 16. júlí kl. 10:13. Margeir sá ekki hvað gerðist á 17 flötinni en dómariinn sagði við hann að þeir Helgi og Kristján hefðu endurtekið pútt á 17 flötinni. Margeir bað dómariinn að koma til skorkortaherbergis og þar sem hann kom ekki þangað var ákveðið að skrá ekki víti. Margeir segir að dómariinn hafi ekki sagt við hann að hann ætti að skrá vítahögg.

Þá kom fyrir dóminn Helgi Svanberg Ingason en hann var með kærendum í holti í umrætt skipti. Helgi staðfestir að dómari mótsins hafi komið á tal við þá en hann heyrði engar samræður.

Vitnið Andrea Ýr Ásmundsdóttir gaf símaskýrslu en hún var starfsmaður GA og sá um að setja skor inn í skorkerfi. Andrea staðfestir að kærundur hafi verið ósáttir þegar þeir komu inn til skorkortaherbergis.

Þá kom fyrir dóminn Gísli Guðni Hall en hann fór með Kristjáni Ólafi á fund með mótsstjórn. Fram kom hjá Gísla að Kristján hafi ekki vitað af þeirri staðarreglu sem byggt var á og að ekki hafi náðst samkomulag um að bæta 2 höggum við skor Kristjáns.

Jón Steindór Árnason sem gegnir starfi gjaldkera GSÍ og er jafnframt varaformaður GA var í mótsstjórn. Hann staðfestir að mótsstjórn hafi tekið sameiginlega ákvörðun um frávísun kæranda úr mótinu og að vísa málinu í framhaldi af því til aganefndar GSÍ. Engar fundargerðir hafi þó verið gerðar.

Steindór Ragnarsson Framkvæmdastjóri GA var einnig í mótsstjórn og kom fyrir dóminn. Hann sagði að mótsstjórnin hafi sameiginlega tekið ákvörðun um frávísun og að vísa málinu til aganefndar GSÍ.

Þá liggja fyrir skriflegir framburðir Herborgar Arnarsdóttur og Kristins Óskarssonar.

IV. Málsástæður kæranda:

Kærendur vísa til 5. gr. reglugerðar GSÍ um vanhæfi nefndarmanns (Sigurðar Geirssonar).

Kærendur byggja á því að hin umdeilda staðarregla hafi ekki verið sett með réttum hætti og forsvaranlega kynnt keppendum, samkvæmt golfreglunum. Á slíkri reglu verði ekki byggð nein vítishögg eða frávísun úr móti og þaðan af síður leikbann. Þá er byggt á almennum golfreglunum R&A sem GSÍ er skylt að fylgja samkvæmt 2. gr. laga GSÍ.

Kærendur vísa einnig til almennrar jafnræðisreglu.

Um viðurlagaheimildir vísa kærendur til 12. gr. reglugerðar GSÍ um aganefnd, þar sem fram kemur að aganefnd geti veitt áminningu eða úrskurðað keppnisbann eftir eðli brota. Ekki sé ljóst hvað átt sé við með leikbanni í úrskurðarorði aganefndar enda leikbann ekki meðal þeirra úrræða sem aganefnd sé heimilt að beita.

Öll þessi atriði og fleiri voru nákvæmlega útlístuð í kærur til dómsins, greinargerðum til aganefndar og við munnlegan flutning málsins.

V. Málsástæður kærða:

Kærði vísar til þess að agabrot kæranda hafi ekkert með 13. gr. almennra staðarreglna GSÍ að gera, hvorki tilurð hennar né birtingu heldur felist agabrot þeirra í því að hafa hundsáð úrskurð dómara og skilað vísvitandi inn röngu skorkorti.

Kærði vísar til greinar 20.2 í golfreglunum en samkvæmt þeirri grein séu úrskurðir dómara endanlegir en þessa meginreglu megi finna í flestum íþróttagreinum.

Vegna athugasemda kæranda í tengslum við hugtakanotkun aganefndar í úrskurðarorði sínu telur kærði augljóst að hinn kærði úrskurður feli í sér keppnisbann í stað leikbanns enda segir í 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ að nefndin geti úrskurðað kylfinga í keppnisbann.

Öll þessi atriði og fleiri voru nákvæmlega útlístuð í málsástæðum kærða í greinargerð til dómsins og við munnlegan flutning máls þessa.

Niðurstaða

Óumdeilt er í máli þessu að kærandinn Kristján og samspilari hans endurtóku pútt á 17 flöt eftir að leik þar var lokið. Kærandinn Margeir varð ekki vitni að því atviki.

Það verður að teljast sannað með vísan til framburðar Kristjáns sjálfs hér fyrir dómi og með hliðsjón af greinargerð hans sjálfs til aganefndar GSÍ að dómari mótsins sagði við hann að það sem gerðist á 17. flöt væru tvö högg í víti. Einnig fær þetta stuðning í vitnisburðum dómarans Tryggva Jóhannessonar og mótsstjórnarmannsins Arnars Geirssonar.

Einnig verður það að teljast sannað þegar horft er til allra gagna málsins svo sem framburðar dómarans Tryggva Jóhannessonar, greinargerða til aganefndar GSÍ og facebookfærslu Margeirs sjálfs þann 16. júlí 2022 að kærandinn Margeir hafi vítað af því að dómari mótsins hafði vítað meðspilara þann sem Margeir var ritari fyrir.

Allir leikmenn í því holti sem hér um ræðir eru reyndir golfspilarar. Verður að gera kröfu til þess að þeir þekki golfreglurnar og meðal annars þá reglu sem fram kemur í grein 20.2 a að leikmönnum beri að fylgja úrskurði dómara um staðreyndir eða hvernig reglunum er beitt. Án þess að kanna málið frekar skiluðu kærendur sem keppandi og ritari inn röngum skorkortum þar sem ekki var gert ráð fyrir því almenna víti sem dómari mótsins hafði gert þeim grein fyrir. Vísast í þessu samhengi einnig til reglu 1.3.b.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Dómstóls GSÍ að kærendur hafi gerst sekir um alvarlegt brot er varðar viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga um dómstóla GSÍ. Þykja viðurlög hæfilega ákveðin þau að kærendur sæta óhlutgengi, þannig að þeir eru útilokaðir frá þátttöku í keppni innan golfhreyfingarinnar í tólf mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar aganefndar GSÍ þann 30. september 2022.

Ekkert er framkomið í málinu sem bendir til þess að kærandinn Kristján hafi með nokkrum hætti sýnt af sér óprúðmannlega framkomu og skrif kærandans Margeirs á facebook rúmast innan þess ramma sem tjáningarfrelsið gefur.

Dómarinn finnur að því að ekki hafi verið nægjanleg formfesta í störfum mótsstjórnar þegar ákvarðanir voru teknar sem varða mikilvæga hagsmuni einstaklinga.

Dóm þennan kvað upp Stefán Þórarinn Ólafsson dómari í Dómstól GSÍ.

Dómsorð:

Kristján Ólafur Jóhannesson, kt. [REDACTED] hlýtur óhlutgengi til keppni innan golfhreyfingarinnar í tólf mánuði frá 30. september 2022.

Margeir Vilhjálmsson, kt. [REDACTED] hlýtur óhlutgengi til keppni innan golfhreyfingarinnar í tólf mánuði frá 30. september 2022.

Dómsorð er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er bent á ákvæði 13. gr. laga um Dómstóla GSÍ þar sem fjallað er um áfrýjun. Samkvæmt 1. tl. 13. gr. er heimilt að skjóta til áfrýjunardómstóls GSÍ, dómum og úrskurðum Dómstóls GSÍ og samkvæmt 2. tl. er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins 5 dagar frá því dómur Dómstóls GSÍ var upp kveðinn og skulu almennir fríðagar ekki telja þar með.

Dómþingi slitið


Stefán Þórarinn Ólafsson